

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/150****2019/EES/82/23****frá 30. janúar 2019**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta eftirfarandi virk efni sem eru í plöntuverndarvörum: deltametrín, díflúfeníkan, epoxíkónasól, flúoxastróbín, própíókónasól og tebúkónasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ⁽²⁾ var Bretlandi, sem skýrslugjafaraðildarríki, úthlutað mati á tilteknum virkum efnum sem plöntuverndarvörur innihalda.
- 2) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. frá 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið ákveði einróma, í samráði við Bretland, að framlengja það tímabil.
- 3) Útgöngusamningurinn sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um hefur að geyma fyrirkomulag um beitingu lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi eftir daginn sem sáttmálarnir falla úr gildi að því er varðar Bretland og í Bretlandi. Ef sá samningur tekur gildi mun löggjöf Sambandsins á sviði plöntuverndarvara gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi við lok þess tímabils. Í samræmi við þann samning skal Bretland ekki gegna hlutverki forystuyfirvalds á umbreytingartímabilinu fyrir áhættumöt, rannsóknir, samþykki eða heimildir á vettvangi Sambandsins eða á vettvangi aðildarríkjanna í samstarfi eins og um getur, meðal annars, í reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Því er nauðsynlegt að úthluta mati á virkum efnum, sem Bretland er skýrslugjafaraðildarríki fyrir og þar sem ekki er búist við að Matvælaöryggisstofnun Evrópu gefi út ákvörðun fyrir 29. mars 2019, til annarra aðildarríkja. Virku efnin sem um ræðir eru deltametrín, díflúfeníkan, epoxíkónasól, flúoxastróbín, própíókónasól og tebúkónasól.
- 5) Úthlutunin ætti að tryggja að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.
- 6) Þar eð matið á virku efnunum sem um er að ræða er á lokastigi og búist er við að sú vinna sem inna þarf af hendi sé minni háttar ætti ekki að úthluta meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir það mat.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.
- 8) Reglugerð þessi ætti að koma til framkvæmda frá og með 30. mars 2019.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtið. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. mars 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir deltametrín kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Deltametrín	AT“	

b) Í stað færslunnar fyrir díflúfeníkan kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Díflúfeníkan	CZ“	

c) Í stað færslunnar fyrir flúoxastróbín kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Flúoxastróbín	DE“	

d) Í stað færslunnar fyrir própíókónasól kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Própíókónasól	PL“	

2) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir epoxíkónasól kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Epoxíkónasól	PL“	

b) Í stað færslunnar fyrir tebúkónasól kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Tebúkónasól	DK“	